

# Hagnýtar upplýsingar

## Fataherbergi

Við ætlum að leggja áherslu á að gera börnin enn sjálfstæðari í fataherberginu. Efla þau í að klæða sig sjálf úr og í. Þau æfa sig einnig í að ganga frá fötunum sínum í hólfín sín og ganga snyrtilega um fataherbergið.

### Mikilvægt er að:

- Merkja föt og skó/stígvél barnanna vel
- Hafa nóg af aukafötum í kassanum og fylgjast með hvort þurfi að fylla á þá.
- Ganga þannig frá hólfí barnsins að það geti gengið um það sjálft, hengja öll föt upp og EKKI geyma stóra poka undir eða upp á kassa.
- Tæma allt úr hólfum á föstudögum

### **Börnin þurfa að hafa eftirfarandi í hólfínu sínu**

- 2 húfur (1 lambhúshettu og 1 léttari húfu)
- 2-3 pör af vettlingum (fingravettlingar mega vera heima yfir köldustu mánuðina)
- 1 par af ullarsokkum
- 1 stk hálskragi eða buff
- 1 stk flís eða ullarpeysa
- 1 stk flís eða ullarbuxur
- 1 stk regnbuxur
- 1 stk regnjakki
- 1 stk úlpa
- 1 stk kuldagalli (yfir veturinn)
- 1 par gúmmístígvél
- 1 par strigaskór (ekki yfir veturinn)
- 1 par kuldaskór (yfir veturinn)

### **Aukafatakassinn þarf að innihalda eftirfarandi:**

- 3 pör sokkar
- 2 nærbuxur
- 2 buxur
- 1 bolur/nærbolur
- 1 peysa/langermabolur

Ef börnin fara heim með blaut föt í poka þarf mjög líklega að fylla á aukafatakassann 😊. Passa að fötin sem eru í aukafatakassanum séu ekki of lítil.